

## Fyrirspurn

til forsætisráðherra um lóðarleigusamninga innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur.

1. Hversu margir lóðarleigusamningar eru við eigendur sumarhúsa innan þjóðgarðsins á Þingvöllum? Óskað er eftir að samningarnir verði flokkaðir í 5–10 hópa eftir fjárhæð leigu þar sem fram komi fjöldi samninga í hverjum hópi.
2. Hver er upphæð ársleigu hjá þeim tíu sumarhúsaeygendum sem greiða hæsta lóðarleigu?
3. Hvert er leiguverð á fermetra innan þjóðgarðsins? Óskað er eftir verðsamanburði við lóðarleigu á vinsælum sumarhúsasvæðum sem ráðuneytið telur sambærileg við þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Skriflegt svar óskast.